

Ár 2019, föstudaginn 8. febrúar 2019, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Gunnari Guðmundsyni dómara að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi

Fyrir er tekið: Mál nr. 2/2019.

Ragnar Sverrisson
gegn
Dansíþróttasambandi Íslands

Málið var mótttekið með kæruf af kæranda þann 4. febrúar s.l. og var kærða gefinn frestur til dagsins í dag til að skila greinargerð sem hann og gerði.

Skjöl í málinu nr. 1-8 liggja fyrir.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I.

Kæra sem kærandi leggur fram er efnislega á þennan veg:

„Dómkröfur

Kærandi gerir þær kröfur að ákvörðun DSÍ um að hafna skráningu kæranda í Íslandsmeistaramót sem haldið verður 9. og 10. febrúar n.k. verði afturkölluð og upphafleg skráning verði látin standa. Til vara að skráning í flokk senior 2 latin verði látin standa.

Málavextir

Kærandi skráði sig í Íslandsmeistaramót sem halda á 8. og 9. febrúar s.l. og fékk meðfylgjandi bréf frá stjórn DSÍ í framhaldi af skráningu.

Lagarök

Engin lagarök eru fyrir því að neita kæranda um skráningu í umrætt dansmót.

Röksemdir

Samkvæmt meðfylgjandi bréfi þá neitar stjórn DSÍ kæranda um skráningu vegna þess hann er danskennari. Hvergi í lögum eða reglum DSÍ eða ÍSÍ kemur fram orðið danskennari og því fellur þetta um sjálf sig. Iðkandi er sá sem æfir eða iðkar íþrótt á vegum íþróttafélags sem kærandi gerir.

Sönnunargögn

Lög DSÍ sem og móta og keppendareglur DSÍ eru á www.dsi.is

II.

Greinargerð kærða er svohljóðandi:

„Dómkröfur

Kærði gerir þær dómkröfur að öllum kröfum kæranda verði hafnað og að ákvörðun kærða, dags. 29. janúar 2019 um að hafna skráningu kæranda og dansfélaga hans í keppnisflokkunum Senior I og II, standi óhögguð.

Málavextir og málsástæður:

Kærða barst skráning frá kæranda á fyrirhugað Íslandsmeistaramót í latín dönsum og bikarmót í standard dönsum og grunnsporamót 9.-10. febrúar nk., fyrir eftirfarandi par: Ragnar Sverrisson, kt. 060372-3309 og Önnu Björk Jónsdóttur, kt. 090674-4559, í keppnisflokkunum Senior I S-C-R-P-J og Senior II S-C-R-P-J.

Með ákvörðun stjórnar DSÍ var skráningunni hafnað á grundvelli greinar C-2 í móta- og keppendareglum Dansíþróttasambands Íslands (DSÍ), samþykktum 27. maí 2014, en þar kemur fram að einungis iðkendum í félögum innan vébanda DSÍ sé heimil þátttaka á Íslands og bikarmeistaramótum. Þannig geti danskennari ekki keppt með iðkanda í keppnisflokkunum Senior I og II og var skráningu því hafnað.

Stjórn DSÍ ákvað hins vegar að bjóða upp á sýningarflokka fyrir kennara/leiðbeinanda og nemanda í eftirfarandi flokkum:

- Senior I, 35 ára og eldri á almanaksárinu
- Senior II, 45 ára og eldri á almanaksárinu
- Senior III, 55 ára og eldri á almanaksárinu
- Senior IV, 65 ára og eldri á almanaksárinu

Var ákveðið einnig að veita verðlaun í flokkunum.

Var skráningu á framangreindu pari því breytt í sýningarflokk Senior I S-C-R-P-J og Senior II S-C-R-P-J. Ef óskað var eftir afskráningu úr þessum flokkum var óskað eftir því að það yrði gert eigi síðar en 1. febrúar sl.

Kærandi hefur haldið því fram í kæru sinni að engin lagarök séu fyrir því að neita kæranda um skráningu á umrætt mót, þar sem hvergi í lögum eða reglum DSÍ eða ÍSÍ komi fram orðið danskennari og að þar með hafi kærði ekki mátt hafna skráningu kæranda á mótið í flokkana Senior I og I. Kærandi heldur því fram að nægilegt sé að æfa eða iðka íþrótt á vegum íþróttafélags til þess að mega taka þátt á Íslands og bikarmeistaramótum DSÍ. Vitnar kærandi í lög DSÍ sem og móta og keppendareglur DSÍ á vef DSÍ sem sönnunargögn.

Þessu er mótmælt af hálfu kærða. Kærði tók ákvörðun í máli kæranda með bréfi dagsett 29. janúar 2019 og hafnaði skráningunni á þeim grundvelli að á þeim tímamarki þegar skráning fór fram var hvorki kærandi né dansfélagi kæranda skráð sem iðkendur hjá Dansfélaginu Bíldshöfða samkvæmt iðkendatali í Felix en Felix heldur utan um alla þá iðkendur sem skráðir eru í aðildafélög DSÍ, sjá meðfylgjandi staðfestingu úr Felix.

Með tölvupósti sem sendur var til allra aðildarfélaga DSÍ þann 21. janúar kom fram að skráningarfræstur á Íslands- og bikarmeistaramót DSÍ rynni út 28. janúar. Kærandi og dansfélagi hans voru skráð í Felix þann 1.2.2019 klukkan 09:25 (sjá meðfylgjandi heimild - Upplýsingar í Felix) eftir að höfnun um skráningu barst frá DSÍ. Um eftir á skráningu var því að ræða.

Engin beiðni um endurskoðun skráningarinnar kom því fram áður en skráningarfræstur á mótið rann út enda var kærandi og dansfélagi hans ekki skráð sem iðkendur innan þess frests.

Í grein C-1.1. í [móta og keppendareglum DSÍ](#) kemur fram að skráningar skulu berast til mótshaldara með þeim hætti sem mótshaldari ákveður á hverjum tíma. Þá segir enn

fremur í grein C-1.2. að skráning keppenda sé á ábyrgð aðildarfélaganna. Skráning í tilviki kærða var einfaldlega ekki fullnægjandi.

Kærandi hefur starfað sem danskennari í fjöldamörg ár. Hann er með danskennarapróf og er aðili að Danskennarasambandi Íslands, sjá meðfylgjandi staðfestingu frá Köru Arngrímsdóttur forseta DÍ. Hann er forráðamaður Dansfélagsins Bildshöfða og er skólastjóri og fyrirsvarsmáður félagsins, sjá meðfylgjandi skjal frá RSK. Hann er því atvinnumaður í greininni.

Mótið sem fram fer næstu helgi eða 9.-10. febrúar n.k. er ekki mót sem haldið er fyrir atvinnumenn. Mörg dæmi eru til um það þegar íslensk danspör hafa fært sig yfir í atvinnumannaflokk úr áhugamannaflokki og í engum tilvikum hefur þeim verið heimilað að keppa á Íslands- og bikarmeistaramótum DSÍ enda eru mót DSÍ ekki haldin fyrir atvinnumenn (professional) heldur svokallaða áhugamenn (amateur). Hvergi í dansheiminum, hvort sem litið er til WDSF eða WDC er það heimilt að atvinnumenn keppni í flokkum sem ætlaðir eru áhugamönnum. Engin heimild er til þess í lögum DSÍ eða WDSF að blanda þessu tvennu saman. Það er einfaldlega ekki heimilt og þó það væri heimilt að þá yrði að auglýsa slíkt sérstaklega og að um væri að ræða flokk sem ætlað væri atvinnuönnum en ekki áhugamönnum.

Til skýringar má benda á reglur WDSF í þessum efnunum þar sem sérstakt prógram hefur verið búið til fyrir [kennara og nemanda](#).

Kærði vísar enn fremur til greinar G-3 í móta og keppendareglum DSÍ þar sem segir að reglur WDSF og ÍSÍ gildi um þau atriði sem ekki koma fram í þessum reglum. Þannig segir í 8. gr. [móta- og keppendareglna ÍSÍ](#) eftirfarandi: „Félagsréttindi: Keppnisrétt öðlast íþróttamenn þegar þeir hafa verið að minnsta kosti einn mánuð á félagsskrá hlutaðeigandi íþróttafélags“. Það er ljóst að þessu skilyrði er ekki fullnægt.

Áskilnaður:

Kærði áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og koma með nýjar málsástæður ef tilefni gefst.

Lagrök:

Kærði vísar til móta og keppenda reglna Dansíþróttasambands Íslands sem og til laga Íþróttasambands Íslands. Einnig er vísað til reglna WDSF.“

III.

Niðurstaða:

Mál þetta snýst um túlkun á grein C-2 í móta- og keppendareglum DSÍ, en þar segir orðrétt:

„Einungis iðkendum í félögum innan vébanda DSÍ er heimil þátttaka á Íslands- og bikarmeistaramótum.“

Með hliðsjón af gögnum málsins verður ekki fallist á að kærði sem er danskennari falli undir þá skilgreiningu í framangreindu ákvæði að teljast iðkandi í félögum innan DSÍ. Ber því af þeirri ástæðu að synja aðalkröfu hans og jafnframt varakröfu sem snýst um að vera skráður í flokk senior 2 latin eins og tilgreint er í kærðu, en skráningu kæranda hafði verið breytt af kærða í sýningarflokk Senior I S-C-R-P-J og Senior II S-C-R-P-J.

Dómsorð

Dansíþróttasamband Íslands er sýknað af kröfum kæranda Ragnari Sverrissyni.

Dómsorðið er lesið upp í réttinum að málsaðilum fjarstöddum.



Gunnar Guðmundsson

Samkvæmt grein 33.3. í lögum ÍSÍ er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins.